

BORGARRÁÐ 14. febrúar 2019: Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um skemmdir á útiklefa Sundhallar Reykjavíkur R19020120

Óskað er upplýsinga varðandi skemmdir á útiklefa í Sundhöll Reykjavíkur sem hefur af þeim sökum verið lokaður undanfarið og á þeim frost- og lagnaskemmdum sem orðið hafa í kuldakaflanum í janúar. Þá er óskað upplýsinga um þær rakaskemmdir sem taldar eru vera í nýja inni kvennaklefanum, bilun í loftræsikerfi og þær skemmdir í klæðningu gufubaðs sem leitt hefur til þess að það hefur verið lokað. Hvenær má búast við að viðgerðir hefjist á þessum skemmdum og aðstaðan opnuð aftur? Þá er óskað svara við því hver kostnaðurinn er talinn vera við viðgerðirnar.